

Stefna að því að hefja jarðvinnu á lóðinni næsta vor

● Tillaga um nýtt deiliskipulag á Landspítalalóð lögð fram til kynningar

FRÉTTASKÝRING

Egill Ólafsson
egol@mbl.is



Gangi vinna við skipulag lóðar undir nýjan spítala við Hringbraut vel verður hægt að hefja jarðvinnu á lóðinni næsta vor. Þetta segir Gunnar Svavarsson, formaður verkefnisstjórnar um byggingu nýs Landspítala. Formleg kynning á deiliskipulagstillögu er að hefjast, en miðað er við að vinna við fyrsta áfanga ljúki árið 2017. Kostnaður við þennan áfanga er áætlaður 40 milljarðar króna, en í þessari tölu er ekki reiknað með breytingum á eldra húsnæði eða kostnaði við tækni. Þá er gert ráð fyrir að Háskóli Íslands fjármagni sínar byggingar með framlagi frá Happraðtti Háskólans.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítala, segir alveg skýrt að mikil þörf sé fyrir nýjan spítala. Núverandi byggingar séu orðnar gamlar og henti illa nútímansspítala. Öryggi sjúklinga batni á nýjum spítala, sem verði búinn einmenningsstofum en það dragi úr sýkingarhættu. Aðstaða starfsfólks batni líka mikið og það verði auðveldar að laða til hans hámenntað starfsfólk. Sameining bráðaaðstöðu spítalans á einum stað auki öryggi og stuðli að meiri samféllu í meðferð sjúklinga. Hann segir engan vafa leika á að rekstur spítalans verði ódýrari í nýju húsnæði.

Kristín Ingólfssdóttir háskólarektor segir að við höfum náð miklum árangri á síðustu árum og það sé mikilvægt að varðveita hann. Við verðum að horfa til framtíðar því það sé ekki nóg að halda áfram að gera eins og við höfum verið að gera. Stöðnun þýði að við drögumst aftur úr í samkeppni, m.a. um starfsfólk.

15 hektara lóð

Ár er síðan hönnunarhópurinn SPITAL var valinn til að vinna áfram að hönnun spítalans. Nú liggur fyrir tillaga að deiliskipulagi fyrir svæðið, en stærð þess er 15 hektarar. Nýja byggðin á að rísa að mestu á suðurhluta lóðarinnar, en þar verða meðferðar- og bráðakjarni, rannsóknarhús, dag- og göngudeildir, sjúkrahótel og húsnæði heilbrigðisvísindasviðs HÍ.

Á miðri lóðinni, framan við gamla Landspítalann, verður aðaltorg svæðisins sem fengið hefur nafnið Sóleyjartorg.

Aðkoma að svæðinu verður bæði frá Hringbraut um Barónsstíg og um Snorrabraut frá Bústaðavegi og



Lóðin Tillagan gerir ráð fyrir nýbyggingum á Landspítalalóð sem verða samtals 95 þúsund fermetrar að stærð.



Sóleyjartorg Á þessari mynd má sjá inn Sóleyjartorg sem verður fyrir framan aðalbyggingu Landspítalans sem tekin var í notkun árið 1930.

Miklubraut. Áhersla er lögð á að draga úr neikvæðum áhrifum samgangna á umhverfi, efla sjálfbærar samgöngumáta og almenningsamgöngur, hvetja til hjólræða og göngu með góðum aðbúnaði en miða einkabílanotkun fyrst og fremst við þarfir sjúklinga og þeirra sem þurfa á þjónustu spítalans að halda.

Byggingarnar næst gómlu Hringbrautinni verða í sömu hæð og gamla aðalbygging Landspítalans sem tekin var í notkun árið 1930. Byggingar sem eru fjær, þ.e. næst nýju Hringbrautinni, verða lægri. Gert er ráð fyrir þyrlupalli uppi á einni byggingunni og brú af henni

beint inn á bráðamóttöku. Tillaga er gerð um að sjúkrahótel verði reist norðvestan við gamla spítalann. Reiknað er með að byggingar gamla spítalans verði nýttar að hluta sem legurými fyrir sjúklinga og undir skrifstofur meðan verið er að klára allar nýbyggingar. Þegar spítalinn verður fullbyggður er reiknað með að byggingarnar verði nýttar undir skrifstofur og þjónustu- og stöðdeildir.

Gert er ráð fyrir að neðanjarðargangar verði frá öllu byggingum spítalans. Þessir gangar verði m.a. nýttir til að flytja lín og sorp frá deildum spítalans.

Fagnar áhuga lífeyrissjóða

● Innanríkisráðherra hafnar því að tregða sé í ráðuneytinu gagnvart því að leigja björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna

„Það er afskaplega mikill misskilningur ef einhver heldur að við séum að draga lappirnar í þessum efnunum. Mér væri það mikið fagnaðarefni ef lífeyrissjóðirnir tækju þátt,“ segir Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra um hugsanlega aðkomu lífeyrissjóðanna að fjármögnun þyrlukaupa fyrir Landhelgisgæsluna.

Félag vélstjóra og málmteknimanna kom fram með þá hugmynd að lífeyrissjóðirnir fjármögnuðu þyrlukaup og hafa undirtektir verið jákvæðar, meðal annars hjá Sameinada lífeyrissjóðnum og Gildi. Guðmundur Ragnarsson, formaður VM, sagði hins vegar í Morgunblaðinu í gær að tregða væri gagnvart þessum



Ögmundur Jónasson

ir að TF-LÍF fari í mikla viðgerð í byrjun næsta árs. Þá yrði aðeins ein þyrla í rekstri. Hann segir að unnið hafi verið að því að leigja þyrlu, aðallega frá Noregi, en það hafi ekki reynst hagstætt.

möguleika í innanríkisráðuneytinu og hjá Ögmundi Jónassyni ráðherra.

Ögmundur rifjar upp að nauðsynlegt sé að fá nýja björgunarþyrlu fyrir áramót, vegna þess að gert er ráð fyrir

Ráðherra segir að það hafi verið orðað óformlega að lífeyrissjóðirnir kynnu að vilja koma að málinu. Þeir þyrftu að taka frumkvæðið, með því að stofna félag um þyrlukaup. Þá gæti Landhelgisgæslan boðið út leiguna.

Hagstætt fyrir þjóðina

„Ef lífeyrissjóðirnir kæmu með hagstætt tilboð yrði það stórkostlegur ávinningur fyrir þjóðina og ég myndi fagna því mjög,“ segir Ögmundur og bætir því við að þá myndi leigan verða greidd til lánveitenda hér á landi en ekki með erlendum gjaldeyri. helgi@mbl.is

Undir áhrifum með barn í bílnum

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu stöðvaði konu á þrítugsaldri við akstur í síðustu viku.

Að sögn lögreglunnar var konan í annarlegu ástandi og einnig fundust í fórum hennar fíkniefni.

Með í för var barn konunnar. Lögreglan gerði þegar í stað viðeigandi ráðstafanir í þágu barnsins og barnaverndaryfirvöld voru upplýst um málið.

Konan var handtekin og flutt á lögreglustöð en hún hafði þegar verið svipt ökuleyfi.

LEIÐRÉTT

Ríkið er að spara

Í frétt um fjölgun refa í Borgarfirði á forsíðu blaðsins á mánudag er sagt að sveitarfélagið Borgarbyggð hafi í sparnaðarskyni ákveðið að hætta að styðja refaveiðar. Þetta er rangt, það er ríkið sem hefur tekið slíka ákvörðun, eins og kemur reyndar fram í frétt í sama blaði á bls. 7.

Misritun í ljóði

Í Morgunblaðinu 26. ágúst 2011 var minningargrein um Margréti Gestsdóttur eftir Lísebet Gestsdóttur. Í ljóði sem minningargreinin hófst á urðu þau leiðu mistök að höfundur greinarinnar misritaði orðið litur í fyrstu ljóðlínu og er ljóðið því birt hér aftur:

Líkt og rósin litur fölnar
lýtur höfði, dofnar sinn.
Brestur kjarkur, blómið sölnar,
beygist bak og hugurinn.
(Kristjana J. Jónsdóttir).

Drjúgt, fjölhæft og þægilegt...

HREIN SNILLD

Gott á:
gler
plast
teppi
flísar
stein
ryðfrítt stál
fatnað
áklæði
tölvuskjái
omfl.

ATH. frábært á
rauðvinsbletti
og tússtöflur

kemi^{enhf.}

S. 544 5466 • www.kemi.is • kemi@kemi.is

St. 36-52 **Ný sending af kápum og úlpum**

hjá *Crafnhildi*

• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjafrafnhildi.is

Opið virka daga frá kl. 10-18

laugardaga frá kl. 10-16

GARDEUR GERRY WEBER

GALLABUXUR FRÁ 14,900,-
SVARTAR KLASSÍSKAR FRÁ 16,900,-

Mörg snið - margir litir

NÝ SENDING
BERNHARD LAXDAL
Laugavegi 63 • S: 551 4422